

Ed.

463. Frumvarp til laga

[172. mál]

um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. mars.)

Samhljóða þskj. 338 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Læknir skal útskýra fyrir sjúklingum með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Læknir skal skýra vandlega fyrir þeim hvernig sjúkdómur smiti, hvernar varúðar beri að gæta og að sé út af brugðið varði slíkt hegningu samkv. almennum hegningarlögum. Þá skal læknir enn fremur fá hverjum sjúklingi, sem til hans leitar vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem landlæknir lætur í té. Í öllum íslenskum skipum skal vera upplýsingarit um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum skal fylgja lyfjakistli skipsins.